

Ed.

238. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í desembermánuði 1968, að lokinni gengisfellingu, samþykkti stjórnarliðið hér á Alþingi lög „um ráðstafanir í sjávarútvegi“, sem m. a. röskuðu stórlega samningsbundnum reglum um hlutaskipti og rýrðu þar með skiptakjör sjómanna til mikilla muna. Með lögum þessum var ákveðið, að greiða skyldi í stofnfjár sjóð fiskiskipa 10% af fiskverði, en 20% af verðmæti sildar- og humarafla, þegar landað er innanlands, en 22% af brúttósöluverði aflans, þegar landað er erlendis, og skyldu þær greiðslur teknar af fiskverði, áður en reiknaður væri aflahlutur sjómanna. Með lögum þessum voru enn fremur tekin 17% af fiskverði, áður en hlutaskipti færu fram, til að standa straum af almennum rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Samkvæmt lögum þessum fékk því útgerðin 27—37% alls landaðs aflaverðmætis að óskiptu, og var þar með umturnað hinum gömlu og hefðbundnu hlutaskiptakjörum, sem sjómenn og útgerðarmenn höfðu samið um.

Löggjöf þessi er að mínu viti einhver hin ósvífna árás, sem nokkru sinni hefur verið gerð á samningsrétt verkalýðsfélaga hér á landi. En hún var einnig, eins og á stóð, einstaklega ósanngjörn í garð íslenskrar sjómannastéttar. Þessi mikla skerðing á kjörum þeirra var gerð, eftir að þeir höfðu, vegna hrapandi verðlags og mikils aflabrests á sildveiðum, búið við stórfelldari tekjumissi en nokkur önnur stétt í landinu. Mánuðum saman hafði fjöldi fiskimanna hafzt við norður undir Svalbarða eða úti í Norðursjó og borið sáralítið úr bítum. Þá þótti ríkisstjórninni ráð að skerða aflahlut þeirra stórlega, jafnframt því sem við blasti 20—30% dýrtíðaraukning af völdum gengisfellingarinnar.

Með lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að skila sjómönnum aftur smávægilegum hluta þess, sem af þeim var tekið með lögum í desember 1968. Í stað þess að taka 27—37% af óskiptu og afhenda útgerðarmönnum, skulu það framvegis vera 21—31%, sem ekki koma til skipta. Enda þótt ég geti út af fyrir sig mælt með þessari lítilfjörlegu lagfæringu, þykir mér einsætt, af hinu gefna tilefni, að leggja áherzlu á ranglæti þessarar löggjafar í garð sjómanna.

Íslenskir sjómenn vinna erfið og áhættusöm störf, sem þjóðfélaginu eru ómetanleg. Vinnufimi þeirra er oft langur og starfsskilyrði erfið. Af augljósum ástæðum er það fullkomin sanngirniskrafa, að þeir beri meira úr bítum en starfsstéttir í landi. Það situr sízt á ríkisstjórn og Alþingi að rýra stórlega kjör fiskimanna með ranglátri löggjöf.

Að dómi undirritaðs ber sjómönnum og útgerðarmönnum einn og sami réttur til afla þess, sem á land kemur, þar sem um hlutaskipti er að ræða. Jafnframt á það að vera samningamál sjómanna og útgerðarmanna, hver skiptahlutföllin eru.

Alþingi, 16. jan. 1970.

Gils Guðmundsson.